

07. febrúar 2005  
*Tilvísun: 2005010017*  
*Bréfalykill: 50.15*

## **Um framkvæmd nýrra raforkulaga og breytingar á raforkuverði**

### **Samantekt**

- Ný skipan raforkumála kom til framkvæmda um s.l. áramót. Þessi nýskipan ein sér gefur ekki almennt tilefni til umtalsverðra breytinga á raforkuverði. Þó verður nokkur tilfærsla milli svæða og neytendahópa. Þannig má rekja um 2-4% af hækkun á raunverði rafmagns suðvestanlands til breytingarinnar en með sama hætti ætti hún að leiða til lækkunar á veitusvæði RARIK, einkum í þéttbýli.
- Afkoma raforkufyrirtækjanna hefur verið upp og ofan. Í heild var arður af bundnu fé neikvæður árin 2002 og 2003. Mörg fyrirtækjanna eru nú að bæta stöðu sína. Þetta gera þau m.a. með því að fella niður ýmsa sérívilnun sem tíðkast hefur, en líka með aukinni arðsemiskröfu.
- Almennt virðast nýjar gjaldskrár færa byrðar frá stærri notendum til smánótenda. Ekki er þar með sagt að þetta sé óeðlileg breyting, þar sem fastakostnaður – t.d. við dreifingu – er mikill og því ekki óeðlilegt að drjúgur hluti af kostnaði við dreifinguna sé innheimtur með fastagjaldi.
- Með nýjum raforkulögum er kostnaður við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli aðskilinn, samhliða því að ríkissjóður greiðir niður dreifingu á raforku í dreifbýlinu. Raforkuverð lækkar almennt á þéttbýlissvæðum RARIK og sama gerist í flestum tilfellum hjá Orkubúi Vestfjarða. Jafnframt lækkar verð almennt hjá fyrirtækjum á dreifbýlissvæði RARIK, en þar verður aftur á móti nokkur hækkun hjá heimilunum sem nota litla raforku.
- Vegna brottfalls ýmissa sérkjara – sem að hluta til má rekja til raforkulaganna en að hluta til ekki – hefði orðið talsverð hækkun á raforkukostnaði þeirra heimila sem hita upp með rafmagni hefði ekki verið brugðist við nú með auknum framlögum úr ríkissjóði. Auknar niðurgreiðslur og breytt fyrirkomulag þeirra dregur mjög úr hækkunum hjá öllum þorra notenda.
- Þess misskilnings virðist gæta að raforkufyrirtækjunum séu settar þröngar skorður við samsetningu gjaldskráa sinna. Hið sanna er að gjald fyrir flutning og dreifingu má að visu ekki taka mið af því til hvers á að nota orkuna, svo sem til húshitunar. En rök geta engu að síður verið fyrir því að taka tillit til magns og notkunarmunsturs, sem þá gæti komið notendum

húshitunarrafmagns og öðrum með svipaða notkun til góða. Og hvað varðar orkuverðið sjálft, þ.e.a.s. samkeppnisþátt verðsins, er ekkert í raforkulögum sem bannar sérkjör.

### **Breytt fyrirkomulag**

Raforkulög (með breytingum) tóku endanlega gildi um s.l. áramót, en með þeim er gerbreytt allri skipan raforkumála í landinu. Með lögunum er verið að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um raforkuviðskipti frá árinu 1996.

Lögin kveða á um að aðskilja sérleyfisstarfsemi (flutning og dreifingu rafmagns) frá samkeppnisstarfssemi (framleiðslu og sölu á raforku). Í þessu skyni varð til fyrirtæki um raforkuflutning, Landsnet hf., sem tók formlega til starfa í ársbyrjun 2005. Jafnframt var dreifiveitunum gert skylt að aðskilja í bókhaldi sjálfa dreifinguna frá framleiðslu, sölu og annarri starfsemi, en ekki er krafist fyrirtækjaaðskilnaðar.

Samkvæmt nýju lögunum geta nú þegar allir stærri notendur, þ.e.a.s. þeir sem nota a.m.k. 100 kW afl, valið sér raforkusala, en þessir notendur skipta nokkrum hundruðum. Allur almennigur svo og flest fyrirtæki verða að bíða eitt ár eftir að öðlast þetta valfrelsi. Á árinu 2005 er því dreifiveitunum skylt að útvega hinum almennu notendum rafmagn eins og verið hefur. Neytendur verða að því leyti strax varir við breytinguna að þeir eiga að geta séð í gjaldskrár, jafnvel á sundurliðuðum reikningum, hvað sérleyfisþjónustan (flutningur og dreifing) kostar annars vegar og hins vegar hvað orkan (ásamt söluþóknun) kostar.

Orkustofnun hefur almenna umsjón með framkvæmd laganna en hún hefur þó einkum hlutverki að gegna við eftirlit með sérleyfisstarfseminni. Í því skyni ber stofnuninni skylda til að setja viðkomandi fyrirtækjum, Landsneti og dreifiveitunum sjö, tekjumörk. Með tekjumörkum eru því settar skorður á hvað má innheimta miklar tekjur fyrir viðkomandi þjónustu. Tekjumörk voru sett á liðnu hausti. Í kjölfarið hafa Landsnet og síðan veiturnar verið að leggja fram gjaldskrár – sem þó dróst í nokkrum tilvikum fram yfir áramót. Orkustofnun hefur því haft skamman tíma til að aðgæta hvort gjaldskrár samræmast settum tekjumörkum og séu að öðru leyti í samræmi við lög.

Meðal nýmæla í lögunum er að flutningi á rafmagni til stórnotenda (stóriðjuveranna) skal haldið aðskildum frá flutningi til almennra nota. Í því sambandi voru Landsneti sett tvö aðskilin tekjumörk sem eiga að tryggja að ekki sé verið að rugla saman reitum; og í kjölfarið voru settar tvær aðgreindar gjaldskrár. Ekki verður nánar fjallað um mál stóriðjunnar í þessari greinargerð og umræðan einskorðuð við almenna þáttinn.

### **Áhrif nýrra laga á raforkuverð**

Með hinu nýja fyrirkomulagi er ekki verið að breyta umfangi þeirrar þjónustu sem veitt er í heild. Í grundvallaratriðum ætti því ekki að vera tilefni til nýs kostnaðar við rekstur raforkukerfisins og þar með ekki til neinna breytinga á meðalverði raforku á landinu. Helsta undantekningin er sú að viðurkenndur var í tekjumörkum Landsnets fyrir árið 2005 sérstakur kostnaður að upphæð 100 m.kr. vegna innleiðingar hins nýja kerfis. Á hinn bóginn var ekki yfirfærður annar kostnaður á Landsnetið, svo sem yfirstjórnarkostnaður, en sá sem hafði verið færður til bókar hjá þeim fyrirtækjum sem önnuðust flutninginn áður. Nýr kostnaðarliður hjá fyrirtækjunum er sérstakt gjald vegna eftirlits með flutningi og dreifingu og nemur það samtals um 50 m.kr. á ári. Þessar upphæðir tvær verður að skoða í samhengi við það að

heildarsöluverðmæti raforku nam árið 2003 um 14 milljörðum kr. og hefur jafnframt vaxið nokkuð síðan þá.

Til mótvægis við þennan kostnaðarauka leggur ríkissjóður nú fram allt að 230 m.kr. til lækkunar á dreifingarkostnaði í dreifbýli sérstaklega og nú hefur verið ákveðið að auka niðurgreiðslu á rafhitun um 135 m.kr. þetta árið. Þessu til viðbótar er gerð hagræðingarkrafa til sérleyfisfyrirtækjanna sem til samans nemur um 120 m.kr. Samanlagt ætti því frekar að vera tilefni til lækkunar á meðalraforkuverði að raungildi en til hækkunar þess, ef fyrirtækin væru ekki sum hver að auka arðsemiskröfu sína.

Ýmsar tilfærslur á kostnaði eru beinar eða óbeinar afleiðingar laganna. Þær helstu eru þessar:

- Greiða verður flutningsgjöld til Landsnetsins fyrir alla raforkuframleiðslu (smávirðjanir eru þó að hluta undanskildar). Í fyrra fyrirkomulagi var í reynd lítt greitt fyrir flutning (og aðra þá þjónustu sem honum fylgir) vegna eigin orkuframleiðslu veitufyrirtækjanna, þ.e.a.s. framleiðslu annarra en Landsvirkjunar. Þetta eitt veldur talsverðum viðbótarkostnaði á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja og hjá Orkubúi Vestfjarða. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK eru hrein áhrif af þessu lítil, en Norðurorka nýtur góðs af breytingunni.
- Flutningskerfið var stækkað, og þar með eykst útjöfnun á flutningskostnaði. Þeir sem einkum njóta þessa eru RARIK og Orkubú Vestfjarða. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja standa nánast í stað, en Norðurorka tapar að sama skapi á þessari auknu jöfnun flutningskostnaðar milli þéttbýlis og dreifbýlis.
- Dregið verður úr sammælingu á afltoppum þegar gjald fyrir flutning á raforku til dreifiveitna er reiknað. Þetta mun hafa áhrif til lækkunar á kostnaði hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Rafveitu Reyðarfjarðar en til talsverðs kostnaðarauka hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða. Breytingin hefur minni áhrif hjá Hitaveitu Suðurnesja.
- Gefinn verður afsláttur á orku afhentri á 132 kV eða meira. Þetta hefur umtalsverð áhrif til lækkunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja en að sama skapi hækkunaráhrif hjá öðrum veitum.
- Heimilt er að hafa sérstakar gjaldskrár í dreifbýli. Þetta snertir einvörðungu Orkubú Vestfjarða og RARIK. Hingað til hefur verið sama gjaldskrá í þéttbýli og dreifbýli, enda þótt dreifingarkostnaður í dreifbýli sé nánast tvöfaldur á við það sem er í þéttbýlinu; eins og nú hefur komið í ljós. Þéttbýlisbúar á þessum veitusvæðum hafa því hingað til tekið á sig byrðar vegna dreifbýlisins umfram aðra landsmenn. Nú breytist þetta og veldur það lækkun á umræddum þéttbýlissvæðum en væri ekki að gert þá yrði hækkun í dreifbýlinu. En á móti koma einmitt fyrrgreindar niðurgreiðslur á dreifingu í dreifbýli.
- Að öðru leyti er skylt að hafa sömu gjaldskrá fyrir dreifingu alls staðar á sama dreifiveitusvæði. Þetta hefur einungis áhrif á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja, en það fyrirtæki hefur nýverið verið að færa sig yfir á Suðurland, þ.m.t. til Vestmannaeyja, en hafði ekki samræmt gjaldskrár á svæðum sínum. Það gerist nú og leiðir sú breyting ein til lítilsháttar hækkunar á Suðurnesjum og í Hafnarfirði en talsverðrar hlutfallslegrar lækkunar í Vestmannaeyjum og á Selfossi.
- Óhjákvæmilegar eru allnokkrar breytingar á verði húshitunarrafmagns. Um þetta verður fjallað sérstaklega síðar í greinargerðinni.

Ofangreind atriði leiða ýmist til hækkunar eða lækkunar. Ekki er fulllukið við að draga áhrifin saman fyrir allar dreifiveiturnar. Þetta hefur þó verið metið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og er niðurstaðan sú að þessar ytri aðstæður gefi tilefni til um 4%

hækkunar hjá Hitaveitu Suðurnesja en minna en 2% hækkunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Í báðum tilvikum er horft fram hjá hækkun vegna almennra verðbreytinga. Þá er um leið gengið út frá því í þessu mati að orkuverð við stöðvarvegg – hvort sem er hjá Landsvirkjun eða öðrum birgjum – hækki ekki að raunverði. Sú forsenda mun þó ekki standast eins og síðar verður fjallað um.

### **Mótun raforkuverðs**

Eins og fyrr segir setur Orkustofnun sérleyfisstarfseminni tekjumörk. Tekjumörk tilgreina hæstu leyfilegu heildartekjur viðkomandi fyrirtækis af tilteknum sérleyfisþætti rekstrar, þ.e. flutningi eða dreifingu. Helstu viðmið í þeim efnunum eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður s.l. tvö ár, sem uppfærður er til núverandi verðlags.
- Væntar afskriftir, en afskriftartími hefur verið lengdur hjá Landsneti og Orkuveitu Reykjavíkur sem leiðir í fyrstu til lækkunar á tekjumörkum.
- Orkutöp miðað við reynslutölur liðinna ára.
- Arðsemisviðmið, sem er reiknað af fastafjármunum, og nemur 3,9% árið 2005. Er sú ávöxtunartala í samræmi við bráðabirgðaákvæði í raforkulögunum þar að lútandi. Skiptir þá einu hvernig mannvirkin eru fjármögnuð; með eigin fé eða lánsfé. Lögum samkvæmt er stefnt að því að arðsviðmiðið hækki í áföngum á næstu sex árum þannig að það nái að lokum markaðsávöxtun á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum til fimm ára, en sú ávöxtun er nú talin vera 7,8%.
- Hagræðingarkrafa sem Orkustofnun hefur ákvarðað sem 1% af heildarveltunni, en tekjumörk voru að lokum lækkuð um þessa prósentu. Þessi krafa verður í framtíðinni endurskoðuð og verður meginþátturinn í verðaðhaldi Orkustofnunar. Stefnt er að því að gera misháar arðsemiskröfur til fyrirtækjanna, allt eftir því hvernig þau standa sig í samanburði sín á milli, en jafnvel líka í samanburði við erlend veitufyrirtæki.

Stærsti áhrifavaldurinn í ofangreindum efnunum er arðsemisviðmiðið. Það er ekki hátt, en engu að síður verulega yfir meðalarðseminni í raforkugeiranum undanfarið, en arðsemi veitufyrirtækjanna hefur í heildina verið lítillega neikvæð árin 2002 og 2003. Vægi arðseminnar í heildartekjumörkum fyrir flutning og dreifingu er verulegt, eða um 15%. Því má segja að það eitt að hækka arðsemisviðmiðið í það sem heimilt er skv. tekjumörkunum getur leitt til um 15% hækkunar á kostnaði við sérleyfisþjónustuna, flutning og dreifingu. Að óbreyttu orkuverði frá framleiðendum gæti raforkuverð til neytenda hækkað af þessum sökum einum um tíund eða svo.

Lág arðsemi í raforkuhluta orkufyrirtækjanna kann hingað til að hafa verið bætt upp af annarri starfsemi, sem þá hefur verið notuð til að niðurgreiða rafmagnið. Þetta getur einkum átt við þar sem rafveiturnar eru samreknar með arðbærum hitaveitum eða þar sem eiginfjárhlutfall er mjög hátt og eigandinn gerir takmarkaða arðsemiskröfu. Hið síðastnefnda á t.d. við hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða.

Lögð skal áhersla á það að sérleyfisfyrirtækjunum er ekki skylt að nýta sér tekjumörk til fulls, t.d. ef þau vilja sætta sig við minni arðsemi en miðað er við. Orkustofnun ber þó að hafa auga með því að fyrirtækin séu ekki rekin með tapi. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að ónýtt tekjumörk má geyma á milli ára (þó með ákveðnum takmörkunum), eftir að Alþingi breytti lögunum þar að lútandi í lok haustþings 2004. Frestun á nýtingu tekjumarkna nú gæti því leitt til hækkana síðar og þar með verið neytendum rafmagns skammgóður vermir.

Nú þegar gjaldskrár hafa verið settar kemur í ljós að allur gangur er á því hvort veiturnar nýta sér að fullu hin leyfðu tekjumörk. RARIK, Orkubú Vestfjarða og Orkuveita Húsavíkur gera það ekki, en Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka og Rafveita Reyðarfjarðar fara nærri því að fullnýta tekjumörkin. En það snertir þó alla landsmenn að Landsnet ætlar að nýta tekjumörkin að fullu.

Verðlagning á raforku frá virkjunum er nú formlega séð frjáls, en þó er lagaheimild til að grípa inn í á þessu ári þygi oftekið af hinum bundnu raforkunotendum. Fyrsta skoðun á gjaldskrár fyrir raforkuna bendir ekki til að tilefni sé til slíkra aðgerða.

Megnið af raforku landsmanna, eða um 85%, á uppruna sinn í virkjunum Landsvirkjunar. Þannig skiptir meginmáli hvernig orkusvið fyrirtækisins verðleggur orku sína. Ekki er auðvelt að bera saman fortíð og framtíð í þeim efnum, enda hefur gjaldskrá Landsvirkjunar hingað til náð bæði til raforkunnar og flutnings hennar – og þá eftir minna kerfi en flutningskerfi hins nýja Landsnets. Auk þess býður orkusvið Landsvirkjunar nú raforku með mismunandi kjörum eftir því hvað samið er til langs tíma. Útreikningar Orkustofnunar benda til þess að verð fyrir raforku frá Landsvirkjun ásamt með flutningi á henni hækki nú um a.m.k. 10 aura á kWst að meðaltali, vegna aukinnar arðsemiskröfu, auk um 2% verðlagshækkunar. Þetta tvennt leiðir því eitt og sér til hækkunar á meðalrafmagnsreikningi um 2-3%; og er þá gengið út frá því að orkuverð frá öðrum orkuverum hækki í svipuðum mæli og hjá Landsvirkjun. Að auki fellir fyrirtækið niður afslætti sem veittir hafa verið til húshitunar og garðyrkjubænda. Upphæð þessara afsláttá nemur á annað hundruð millj. kr. á ári. Miðað við heildarumfang á sölu rafmagns til almennings svarar þetta til u.þ.b. 1%, en hækkun af þessum sökum kemur auðvitað ekki fram með almennum hætti, heldur einungis hjá þeim sem hafa notið fríðindanna.

Framar í þessari greinargerð er þess getið að raforkulögin sem slík gefi tilefni til um 4% raunhækkunar á heildarraforkuverði hjá Hitaveitu Suðurnesja, en tæplega 2% hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Að teknu tilliti til þess sem segir hér á undan um hækkun á raforkuverði frá Landsvirkjun og væntanlega einnig frá öðrum birgjum og að teknu tilliti til um 2% verðlagshækkunar eru í heild ytri rök fyrir um 7-8% hækkun á meðalraforkuverði hjá Hitaveitu Suðurnesja en um 5-6% hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Að öðru leyti eru ýmsar breytingar á samsetningu gjaldtökunnar fyrir raforku í heild. Samanburður er þó nokkuð örðugur þar sem margir þættir breytast í senn. Þó virðist eftirfarandi ljóst:

- Flestar veiturnar auka hlut fastagjalds í gjaldskránum. Þetta leiðir til hækkunar á raforkukostnaði smærri heimila en að sama skapi til lækkunar hjá fyrirtækjum. Færa má gild rök fyrir allháu fastagjaldi fyrir dreifingarþáttinn, enda hefur breyting af þessu tagi víða erlendis verið hluti af hliðstæðri kerfisbreytingu.
- Ýmsir afslættir, sem hafa á sínum tíma komið inn vegna pólitísku þrýstings (svo sem til húshitunar) eru felldir niður.

Misskilnings virðist hafa gætt um heimildir raforkufyrirtækjanna til að veita afslætti. Vissulega verður að gæta jafnræðis við töku gjalda fyrir flutning og dreifingu og þau gjöld mega ekki taka mið af endanlegri notkun orkunnar. En það kunna að vera gild rök fyrir sérstakri gjaldskrá vegna notkunar er svarar til húshitunarnotkunar, en þá verða aðrir með sömu notkun að njóta sömu kjara. Á hinn bóginn eru engin lagafyrirmæli sem banna raforkusölum að selja raforkuna sjálfa (frá stöðvarvegg) með ýmsum hætti, og t.d. laða að sér notendur rafhita eða fiskeldi og gróðurhúsabændur með sérstökum kjörum.

Almennt má segja að orkufyrirtækin séu nú að nota tækifærið og einfalda og samræma gjaldskrár sínar og um leið að reyna að þoka arðseminni upp á við. Við því er að búast að nú telji fyrirtækin lag í því umróti sem fylgir breytttri skipan. Væntanlega hefði verið gripið til flestra þessara aðgerða fyrr eða síðar, enda eru sumar forsendur fyrir sérstökum kjörum (svo sem vannýtt orkuver eins og var á fyrstu árum Blönduvirkjunar) ekki lengur til staðar. Þá er einnig vitað að margir samningar eða tilboð um slík sérkjör eru úr gildi fallin, þótt ívilnuninni hafi engu að síður verið haldið áfram. En allar slíkar „lagfæringar“ á gjaldskrár eru á ábyrgð orkufyrirtækjanna og verða ekki nema að takmörkuðu leyti réttlættar með vísan til nýrra raforkulaga.

### **Niðurstöður um hækkun á raforkuverði**

Í meðfylgjandi töflum og súlurítum er gerð sundurliðuð grein fyrir verðbreytingum á raforku nú um þessi áramót. Annars vegar er miðað við seinustu gjaldskrár frá liðnu ári, sem flestar voru settar síðastliðið sumar. Hins vegar er tekið mið af þeim gjaldskrár sem nú hafa verið settar (hjá Orkuveitu Reykjavíkur tók slík gjaldskrá þó ekki gildi fyrr en 1. febrúar). Lögð skal áhersla á að hér kemur ekki aðeins fram raunbreytingin á rafmagnsverðinu heldur er hækkun á almennu verðlagi innifalin, enda þótt allur gangur sé á því hvort þá sé miðað við verðlag í ársbyrjun 2005 eða áætlað meðalverðlag á árinu.

Í 1. töflu og á 1. mynd má lesa heildarorkuverð (fyrir flutning, dreifingu, raforkuna sjálfa og sölu hennar) fyrir almenna notendur sem nota mismikla orku. Venjuleg heimili falla í grend við fyrsta talnadálkinn í töflunni, þ.e.a.s. þau eru að jafnaði með um 4.000 kWst ársnotkun. Myndin vísar til þessa sama notendahóps. Stærri heimilin kynnu að nota allt að 10.000 kWst (annar talnadálkur) en síðan má ætla að tveir seinustu dálkarnir eigi fremur við smáfyrirtæki en heimili. Hér kemur í ljós að heildarraforkureikningur heimilanna hækkar talsvert í sumum tilfellum. Mest er hækkunin hjá Hitaveitu Suðurnesja á kjarnasvæði þeirra (Hafnarfjörður og Suðurnes) eða um allt að 16%. Hjá Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur og á hinum nýju svæðum Hitaveitu Suðurnesja er hækkunin um 8%. Á þéttbýlissvæði RARIK er talsvert lækkun, eða allt frá 4%. Á þéttbýlissvæðum Orkubús Vestfjarða er líka lækkun, en þó nokkru minni. Á hinn bóginn er hækkun hjá meðalheimilum í dreifbýli bæði hjá RARIK en þó einkum hjá Orkubúinu. Þegar notkunin er meiri – og þá strax við 7.000 kWst notkun – er almennt um lækkun að ræða á RARIK-svæðinu.

Í 2. töflu og 2. mynd eru hliðstæðir reikningar fyrir þá sem eru aflmældir. Hér eru ýmist hækkunir eða lækkunir á ferðinni. Hækkun er t.d. hjá Hitaveitu Suðurnesja, á bilinu 13-20%, en þar er verð þó áfram lágt. Aftur á móti er veruleg lækkun á báðum svæðum RARIK, jafnvel yfir 20%. Athyglisvert er að í birtum gjaldskrár kemur fram umtalsverður verðmunur á milli orkufyrirtækjanna í raforkuþættinum sjálfum, en minnt skal á að kaupendur sem nota 100 kW afl eða meira hafa nú þegar val um raforkukaup sín.

### **Rafhitun**

Sem kunnugt er hefur rafmagn til upphitunar verið á sérstökum kjörum. Þannig hefur Landsvirkjun veitt sérstakan afslátt við slíka notkun rafmagns og veiturnar haft sérstaka taxa. Draga má í efa að þessir taxtar í heild sinni hafi staðið undir kostnaði og því má ætla að um hafi verið að ræða niðurgreiðslu frá öðrum notendum rafmagns. Þá hefur sérstakur og afar lágur virðisaukaskattur verið lagður á rafmagn til húshitunar. Jafnframt hefur ríkissjóður greitt sérstaklega niður rafmagn til hitunar á íbúðarhúsnæði (og raunar fleiru húsnæði). Þessar

ívilnanir hins opinbera munu halda áfram í nýju fyrirkomulagi og hefur nú verið ákveðið að auka þær.

Meðal þeirra breytinga sem nú virðast almennt verða er að veiturnar fella niður sérkjör sín fyrir rafhitun. En, eins og þegar hefur verið sagt, er þó ekkert við það að athuga ef dreifiveiturnar telja rök fyrir því að veita sérstök kjör þegar magn, tímadreifing eða möguleikar til rofinnar afhendingar raforkunotkunarinnar er eins og algengast er við húshitun. En slík kjör mega ekki vera einskorðuð við sérstaka neytendur heldur bjóðast öllum með sama notkunarmunstur.

Og ítrekað skal að engin lagafyrirmæli banna raforkusölum að selja raforkuna sjálfa (frá stöðvarvegg) með ýmsum hætti, og laða að sér notendur, svo sem þá sem hita upp með rafmagni, með sérstökum kjörum. Þess má t.d. geta að Hitaveita Suðurnesja hyggst bjóða rafhitanotendum 75 auru afslátt af orkuverðinu nú í ár.

Í seinni hluta 2. töflu og á 3. mynd kemur fram hvernig raforkukostnaður heimila, sem hita húsnæði sitt með raforku. Hér er fjallað um heildarnotkun heimilanna og er þá gert ráð fyrir því að 85% raforkunotkunarinnar sé vegna upphitunar en afgangurinn til annarra nota. Fram kemur að kostnaðurinn færist talsvert til og má sjá lækkanir allt að 5% en líka allt að 25% hækkunar. Miðdálkarnir (30.000 og 40.000 kWst á ári) vísa til notkunar meðalheimila, þar eru verðbreytingar frá 1% lækkun til 10% hækkunar. Talsverð hækkun verður aftur á móti á raforkukostnaði heimila þegar notkunin fer upp í 50.000 kWst en eingöngu 7% þeirra heimila sem hita með rafmagni nota svo mikið rafmagn eða meira.

Aukin framlög til niðurgreiðslna koma fyrirtækjum ekki til góða þar sem þau njóta niðurgreiðslna hvorki fyrir né eftir breytingar. Þó má ætla að flest þessara fyrirtækja munu njóta bætra kjara í annarri raforkunotkun og gætu því hagnast á breytingunni í heild sinni jafnvel þótt þau hiti upp með rafmagni.

Myndirnar og töflurnar sýna verð án virðisaukaskatts. Vegna sérákvæða þess skatts varðandi rafhitun verður hlutfallsleg hækkun á raforkukostnaði þeirra heimila sem hér um ræðir nokkru minni en fram kemur í töflunum og á myndinni.

### **Niðurlag**

Fram hefur komið í umræðum að breytingar á orkuverði nú komi á óvart og séu ekki í samræmi við það sem lagt var fyrir svonefnda 19mannanefnd sem undirbjó seinustu skref lagasetningarinnar. Hlutverk þeirrar nefndar var fyrst og fremst að bera saman mismunandi leiðir um skilgreiningu á flutningskerfi raforku. Kostnaðartölur lutu því nær einvörðungu að slíkum samanburði. Þannig var t.d. gengið út frá óbreyttri arðsemiskröfu. Þá var ekkert fjallað um sjálft orkuverðið, framleiðslukostnaðinn og söluþóknunina, og þar gefin tala sem hefur reynst heldur í lægri kantinum, en þó ekki svo mjög að teknu tilliti til verðlags. Að öðru leyti verður ekki séð að neitt hafi komið verulega á óvart eða sé umtalsvert á skjön við spár. Rafhitunarmálin voru ekki svo mjög rædd, en það hefur af allra hálfu verið kyrfilega á það bent að ekki væri sjálfgefið að orkufyrirtækin myndu halda áfram þeim sérafslætti sem þau höfðu veitt. Því kynni að koma upp sá vandi sem nú er glímt við.

Árið 2005 hefur verið skilgreint sem e.k. tilraunaár þessa nýja fyrirkomulags, enda var gerð breyting á lögnum í meðförum Alþingis nú fyrir jólin sem heimilar endurupptöku tekjumarkna og þar með gjaldskráa strax á þessu ári. Allir verða að vera við því búnir að hnökra þurfi að leiðrétta.

## Töflu- og myndaviðauki

### Almenn notkun

Verð án virðisaukaskatts.

1. tafla

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005				Hlutfallsleg hækkun raforkuverðs				Hækkun raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum			
	Árnotkun notanda, kWst.				Árnotkun notanda, kWst.				Árnotkun notanda, kWst.			
	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000
Hitav. Suðurnesja, Suðurnes	8,00	7,02	6,59	6,50	16,4%	8,9%	5,2%	4,4%	4.504	5.712	9.739	13.765
Hitav. Suðurnesja, Árborg+Vestmey.	8,00	7,02	6,59	6,50	7,9%	0,5%	-3,1%	-3,9%	2.352	331	-6.406	-13.142
Norðurorka	8,54	7,30	6,75	6,64	7,6%	2,8%	0,3%	-0,2%	2.417	2.020	696	-628
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	7,75	6,45	5,62	5,45	-0,6%	-10,3%	-18,9%	-20,6%	-190	-7.402	-39.145	-70.888
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	9,67	7,88	6,70	6,46	24,0%	9,6%	-3,2%	-5,9%	7.490	6.926	-6.617	-20.160
Orkuveita Húsavíkur	9,31	8,52	8,17	8,10	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-8	-20	-59	-98
Orkuveita Reykjavíkur	8,00	7,04	6,61	6,53	7,8%	1,4%	-1,8%	-2,4%	2.302	943	-3.587	-8.117
Rafveita Reyðarfjarðar	9,11	7,40	6,35	6,14	-3,9%	-14,7%	-23,6%	-25,5%	-1.490	-12.703	-58.713	-104.722
RARIK, þéttbýli	9,23	7,48	6,40	6,18	-4,0%	-14,2%	-23,1%	-25,0%	-1.530	-12.369	-57.740	-103.110
RARIK, dreifbýli	10,16	8,20	6,96	6,71	5,7%	-6,0%	-16,4%	-18,6%	2.190	-5.241	-41.012	-76.782

### Afltaxti

Verð án virðisaukaskatts.

2. tafla

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005				Hlutfallsleg hækkun raforkuverðs				Hækkun raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum			
	kWst.				kWst.				kWst.			
	40	125	200	5.000	40	125	200	5.000	40	125	200	5.000
Hitav. Suðurnesja, Suðurnes	7,61	5,69	5,09	5,09	19,5%	15,2%	13,6%	124.178	374.508	607.760		
Hitav. Suðurnesja, Árborg+Vestmey.	7,61	5,69	5,09	5,09	3,8%	1,0%	0,0%	28.189	26.851	638		
Norðurorka	7,62	5,60	5,05	5,05	7,8%	6,4%	5,8%	55.126	168.275	277.840		
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	7,44	5,31	4,74	4,74	5,7%	-0,4%	-0,5%	40.418	-10.068	-24.908		
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	8,72	6,20	5,55	5,55	23,9%	16,3%	16,5%	168.418	434.932	785.092		
Orkuveita Húsavíkur	8,34	6,44	5,90	5,90	-6,9%	-3,4%	-1,6%	-61.795	-113.936	-97.848		
Orkuveita Reykjavíkur	7,77	5,76	5,15	5,15	4,2%	2,3%	0,8%	31.342	65.605	41.775		
Rafveita Reyðarfjarðar	7,83	5,65	5,11	5,11	-16,7%	-20,2%	-19,0%	-156.906	-713.393	-1.198.438		
RARIK, þéttbýli	7,88	5,86	5,34	5,34	-20,8%	-21,4%	-20,3%	-206.347	-736.136	-1.202.119		
RARIK, dreifbýli	8,58	6,33	5,74	5,74	-13,7%	-17,3%	-16,4%	-135.871	-503.450	-792.483		

### Hitataxtar

Verð með virðisaukaskatti


Gert ráð fyrir að 85% af notkun sé til rafhitunar

3. tafla


	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005				Hlutfallsleg hækkun raforkuverðs 2004 til 2005				Hækkun raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum			
	Árnotkun notanda, kWst.				Árnotkun notanda, kWst.				Árnotkun notanda, kWst.			
	20.000	30.000	40.000	50.000	20.000	30.000	40.000	50.000	20.000	30.000	40.000	50.000
Hitav. Suðurnesja, Árborg+Vestmey.	3,70	3,57	3,50	3,95	1,9%	1,8%	1,8%	16,3%	1.369	1.888	2.408	27.611
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	4,05	3,83	3,71	4,04	-4,8%	-1,0%	1,2%	13,8%	-4.120	-1.180	1.759	24.492
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	4,51	4,19	4,03	4,47	5,8%	8,2%	9,7%	25,8%	4.929	9.568	14.207	45.818
Rafveita Reyðarfjarðar	4,84	4,56	4,42	4,74	3,9%	6,9%	8,6%	20,0%	3.669	8.859	14.049	39.505
RARIK, þéttbýli	4,78	4,49	4,34	4,68	0,7%	4,4%	6,5%	18,8%	672	5.650	10.627	37.054
RARIK, dreifbýli	5,00	4,66	4,49	4,90	5,2%	8,4%	10,3%	24,3%	4.981	10.855	16.729	47.839



**1. mynd: Verð á raforku til almennra notenda með 4000 kWst. ársnotkun  
m.v. síðustu gjaldskrá 2004 og nýja gjaldskrá 2005**



**2. mynd: Verð á raforku til aflnotenda með 500 MWst. og 125 kW ársnotkun  
m.v. síðustu gjaldskrá 2004 og nýja gjaldskrá 2005**



**3. mynd: Verð á raforku til rafhitanotenda með 30.000 kWst. ársnotkun og þar af 85% í rafhita m.v. síðustu gjaldskrá 2004 og nýja gjaldskrá 2005**

